

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir sumarbústaðabyggð í landi Víðivalla ytri í Fljótsdalshreppi



Umsjónarmaður: Steinunn Kristjánsdóttir

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og

Una Helga Jónsdóttir

© Skriðuklaustursrannsóknir og höfundar

Reykjavík, 2010

Forsíðumynd er af tóftaþyrpingu NM-155:003, tekin í suðvestur.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fornleifar og Fornleifaskráning	4
Jarðarsaga.....	6
Fyrri rannsóknir	9
Samantekt fornleifaskráningar.....	9
Fornleifaskrá.....	10
Umhverfi svæðis.....	18
Niðurstöður	19
Heimildaskrá.....	21
Loftmyndir	23

Inngangur

Vorið 2010 var Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur fyrir hönd Skriðuklaustursrannsókna beðin um að taka að sér fornleifaskráningu vegna deiliskipulags í landi Víðivalla ytri í Fljótsdalshreppi. Deiliskipulagið nær yfir 19,4 ha. svæði í landi Víðivalla ytri og er vegna fyrirhugaðrar byggingar sumarbústaða á svæðinu, auk vega, göngustíga og leiksvæða. Til skráningarinnar voru fengnir tveir fornleifafræðinemar, Ásta Hermannsdóttir og Una Helga Jónsdóttir, og fór hún fram dagana 18.-21. maí 2010. Þegar komið var á staðinn reyndust þegar hafa verið byggðir þrír bústaðir (nr. 5, 9 og 13) á svæðinu og búið var að leggja meirihluta veganna. Þann 20. júní 2010 fór Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur, á vettvang og bar fyrirbyggjandi skráningu saman við meintar fornleifar á staðnum. Auk þess fór hún um svæðið og athugaði hvort fleiri minjar finndust. Svo reyndist ekki vera. Steinunn staðfesti með því skráninguna og tekur því fulla ábyrgð á niðurstöðum hennar. Jafnframt tekur hún undir þá ályktun að nauðsynlegt sé að taka profuskurð í tóft 155:003A til þess að skera úr um hvort eldri leifar leynist undir henni.

Fornleifar og Fornleifaskráning

Í 9. grein Þjóðminjalaga¹ eru fornleifar skilgreindar á þennan hátt:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði teljast minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Fara verður fram fornleifaskráning áður en hægt er að samþykkja deiliskipulag eða aðalskipulag, eins og segir í 11. grein Þjóðminjalaga nr. 107/2001:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

¹ Þjóðminjalög, 2001.

Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi, eins og áður kom fram. Nákvæmni skráningarinnar skal vera í samræmi við það skipulag sem unnið er að og frekari/nákvæm skráning skala fara fram á svæðum þar sem fyrirhuguð er mannvirkjagerð. Hentugt getur verið fyrir framkvæmdaaðila að láta vinna að fornleifamati áður en ráðist er í aðgerðir því samkvæmt 20. grein þjóðminjalaga segir:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd verks uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags felur í sér: heimildasöfnun, þar sem hinar ýmsu heimildir eru skoðaðar og reynt að finna vísbendingar um mögulegar fornleifar á svæðinu sem skrá á; viðtöl við heimildamenn, sem er mikilvægur liður í upplýsingasöfnun, sérstaklega þegar kemur að staðsetningu og hlutverki fornleifanna; vettvangsvinnu þar sem fornleifar sem getið er um í heimildum, eða upplýsingar hafa fengist um hjá heimildamönnum, eru skoðaðar á vettvangi, en einnig er gengið um svæðið og allar þær fornleifar sem finnast, og ekki var vitað um áður, skráðar; úrvinnslu og skýrslugerð sem felur í sér m.a. uppteikningar fornleifa í tölvu, kortagerð, innslátt upplýsinga og skýrsluskrif með öllu tilheyrandi. Skráning fornleifa á vettvangi felur í sér uppmælingar og teikningu á fornleifum ef mögulegt er (sumar fornleifar bjóða ekki upp á teikningu, s.s. leiðir, vörður, álagahólar o.s.frv.), ljósmyndun, lýsingu í texta á fornleifunum og nánasta umhverfi og staðsetningu með GPS punkti (einum eða fleiri eftir þörfum). Leiðir og langir garðar eru rakin með GPS svo að hægt sé m.a. að varpa þeim á kort.

Jarðarsaga

Víðivalla ytri er fyrst getið sem Víðivalla „inum nyrðrum“ í Droplaugarsonasögu. Þar býr Hallsteinn hinn breiðdælski². Í sömu sögu býr Hólmsteinn Bersason á Víðivöllum „inum syðrum“³. Í Fljótsdæla sögu býr Ormsteinn Bersason (líklega sami maður og Hólmsteinn í Droplaugarsona sögu) á Víðivöllum inum syðrum⁴ og seinna í sögunni býr Hallsteinn einnig á Víðivöllum inum syðrum⁵. Hér virðist vera um rugling að ræða, annars staðar í sögunni er einungis talað um Víðivelli (hvorki syðri né nyrðri) í tengslum við Hallstein og er því mögulegt að ritari hafi ruglast á nyrðri og syðri í upphafi og sett Ormstein og Hallstein óvart á sama bæ. Líklegt er því að Droplaugarsona saga fari með réttara mál, að Hallsteinn hafi búið á Víðivöllum inum nyrðrum en Hólmsteinn (Ormsteinn) á Víðivöllum inum syðrum. Droplaugarsona saga er talin rituð mun fyrr (1200-1230) en Fljótsdælasaga (á 14. öld)⁶ og ýtir það undir að Droplaugarsonasaga fari með réttara mál. Getið er reglulega um Víðivelli ytri frá 1397 en þá er skráður máldagi útkirkju á Víðivöllum ytri⁷ sama ár stendur í máldaga Valþjófstaðakirkju (Vilchinsmáldaga) að kirkjan eigi Bakkaskóg í Víðivallalandi og „skogarteig wt fra ytRum wideu[o]llum“⁸. Árið 1405 eru Víðivellir ytri gefnir í heimanfylgju⁹ og árið 1463 er skráð landamerkjabréf Víðivalla ytri með ítökum og ítölum. Víðivöllum ytri er ánafnað í erfðaskrá árið 1470¹⁰ og 1471 er í máldaga Valþjófstaðakirkju getið um að kirkjan eigi Bakkaskóg í Víðivallalandi og skógarteig út frá Víðivöllum ytri¹¹ eins og í máldaganum 1397. Árið 1482 er getið um að bréf sé handsalað á Víðivöllum ytri¹² og er jarðarinnar minnst 1570 vegna jarðaskipta Ögmundar byskups¹³. Í Gíslamáldaga, frá 1570 og síðar, er nefnt að Valþjófstaður eigi skógarteig út frá Ytri Víðivöllum¹⁴ eins og í eldri máldögum. Árið 1576 þegar Gísli biskup Jónson vísiterar svæðið (og Gíslamáldagar eru skrifaðir) er Víðivallakirkja aflögð og hefur það að öllum líkindum gerst um og eftir siðaskipti¹⁵. Ljóst er að kirkjan hefur ekki verið niður tekin strax eftir að hún var lögð af þar sem til er tilskipun Jóns Vídalín

² Droplaugarsona saga, 1947: 126.

³ Droplaugarsona saga, 1947: 126.

⁴ Fljótsdæla saga, 1947: 192.

⁵ Fljótsdæla saga, 1947: 268.

⁶ Árni Daníel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg (ritstj.), 2005: 79.

⁷ ÍF, IV: 213.

⁸ ÍF, IV: 209.

⁹ ÍF, III: 705-706.

¹⁰ ÍF, V: 570.

¹¹ ÍF, V: 632.

¹² ÍF, VI: 424-425.

¹³ ÍF, XV: 471-472.

¹⁴ ÍF, XV: 681.

¹⁵ Sr. Ágúst Sigurðsson, 1967: 42-43.

biskups frá 1702 um að presturinn á Valþjófsstað eigi að fara og „fremja messu að Ytri Víðivöllum, svo sem til forna verið hafi“¹⁶. Einnig er til frá 1677 Inventarium (eignaskrá) hálfkirkjunnar að Víðivöllum ytri¹⁷ og bendir það til þess að kirkjan hafi staðið þá, en hvort reglulegar guðsþjónustur væru í henni er ekki minnst á. Í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segir: „Á V var bænhus og hefur fundist grafreitir, sem virðist ekki hafa verið hreyfður eftir öskufallið 1460“¹⁸. Grafreitir þessi kemur ekki fram öðrum heimildum (allavega ekki þeim sem farið var yfir fyrir þessi skrif). Jörðin er gamalt sýslumannssetur og þar hefur löngum verið stórbú¹⁹. Í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1840-1841 eru Víðivellir ytri ásamt hjáleigunni Klúku sagðir bóndaeign, 30 hndr að dýrleika. Þá er þess getið að jörðin sé grasgjöful og skógur sé góður til kolagerðar auk þess að þar sé aftekið bænhus og að bærinn sé einn af best húsuðu og reisulegustu bæjum sóknarinnar²⁰. Í sýslu- og sóknalýsingu 1873 er bærinn talinn 34 hndr.²¹ Johnsen segir í Jarðartali sínu frá 1847 að Víðivellir ytri séu 50 hndr. að jarðardýrleika²² og í Jarðabók 1861 er fornt hundrað Víðivalla ytri sagt 24 hndr. en nýtt hundrað 43.1 hndr með hjáleigunni Klúku²³. „Afbýli og sel voru mörg í landareigninni, Hlíðarhús í fjallinu út og upp af bæ, fóru í eyði um 1820, Urðarsel í ábúð á 17. öld (sbr. *Grylukvæði* Stefáns Ólafssonar), Pálssen á Gilsárdal, selstöð um 1800 og Fornasel beint upp af beitarhúsunum Veturhúsum út með Jökulsá“ segir í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*²⁴. Í *Árbók Ferðafélags Íslands 1944* segir að Veturhús og Hlíðarhús séu beitarhús og að í Urðarseli séu beitarhúsarústir²⁵. Í landareigninni eru því þrjár tóftaþyrpingar sem bera –sel nöfn: Fornasel, Urðarsel og Pálssel (sem er í landi Klúku í dag), en hvergi er getið um hvaða, eða hvort, bær hafi átt selstöður í landi Víðivalla ytri. Veturhús eru allsstaðar kölluð beitarhús en Hlíðarhús bæði beitarhús og hjáleiga. Olavius getur um tvö eyðibýli í landi Víðivalla ytri: Hlíðarhús sem farið hafi í eyði 1746 og Urðarsel sem farið hafi í eyði 1707²⁶. Hlíðarhúsa er getið í manntalinu 1703 og búa þá þrír á hjáleigunni, en Urðarsels er ekki getið²⁷. Í grein í *Austra* 1886 segir að Hlíðarhús og Urðarsel séu bæði hjáleigur frá Víðivöllum ytri. Í Hlíðarhúsum hafi verið búið fram á 19. öld en þar séu 1886 beitarhús frá Víðivöllum ytri. Um Urðarsel er

¹⁶ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: útdrættir*, 1993: 282.

¹⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: útdrættir*, 1993: 282.

¹⁸ Ármann Halldórsson (ritstj.), 1975: 66.

¹⁹ Gunnar Gunnarsson, 1944: 91.

²⁰ *Múlasýslur: sýslu- og sóknalýsingar*, 2000: 142-146.

²¹ *Múlasýslur: sýslu- og sóknalýsingar*, 2000: 166.

²² J. Johnsen, 1847: 357.

²³ *Jarðabók 1861*: 137.

²⁴ Ármann Halldórsson (ritstj.), 1975: 66.

²⁵ Gunnar Gunnarsson, 1944: 91.

²⁶ Ólafur Ólafsson Olavius, 1965: 141.

²⁷ Manntal 1703: 406.

sagt að þar hafi verið bær sem verið hafi í byggð fram undir 1780²⁸. Í *Tímanum* 1965 segir: „Auk hjáleigunnar Klúku hafa verið tvö önnur afbýli frá Víðivöllum, Hlíðarhús og Urðarsel. Þau virðast hafa verið í ábúð í tíð Þorsteins sýslumanns Sigurðssonar, sjá *Gryllukvæði* Stefáns Ólafssonar. Líklega hafa þetta verið beitarhús, sem tekin hafa verið til ábúðar um tíma. Hlíðarhús voru þó í ábúð 1790 til 1820. Auk þessara afbýla er nefnt Fornasel en óvíst hvort það hefur verið býli eða aðeins beitarhús, sem síðar voru nefnd Veturhús“²⁹.

Víðivellir ytri virðast hafa verið í stöðugri byggð frá því að þeirra er fyrst getið í Droplaugarsona sögu, sem talin er rituð um 1200-1230, og fram á okkar tíma. Það sést þegar skoðuð er samfelldni í heimildum³⁰ þar sem Víðivellir ytri eru nefndir, aldrei virðist koma greinilegt skarð í þær og aldrei er nefnt að bærinn falli úr ábúð. Bærinn var stórbýli oft á tíðum og sýslumannssetur auk þess sem að kirkja eða bænhús var á bænum fyrir siðaskipti og að einhverju leyti um 1670-1710 og jafnvel lengur. Tóftaþyrpingar sem bera nöfn sem innihalda –sel og –hús eru nokkrar á jörðinni og eru þær oft tengdar við hjáleigur, sel og beitarhús þó að saga þeirra sé oft mjög óljós. Á Víðivöllum ytri hefur verið tvíbýlt alla 20. öld og lengur en árið 1964 var nýr bær byggður neðan við Hlíðarhús sem kallast Víðivellir ytri I³¹. Skógrækt hófst í landi Víðivalla ytri árið 1970 þegar skógargirðing var sett þar og gróðursetning trjáa hafin³².

²⁸ Fáeinir athugasemdir við útgáfu á kvæðum S. Ólafssonar í Vallanesi 1885, 1886: 13-14.

²⁹ Halldór Stefánsson, 1965: 958.

³⁰ Það sem talið hefur verið hér að ofan auk margra heimilda frá 16. og 17. öld úr: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: útdrættir*, 1993: 280-282.

³¹ Ármann Halldórsson (ritstj.), 1975: 67.

³² Ármann Halldórsson (ritstj.), 1975: 10.

Fyrri rannsóknir

Ekki er vitað um neinar fyrri vettvangsrannsóknir, hvorki fornleifaskráningar né aðrar rannsóknir, á deiliskipulagssvæðinu á landi Víðivalla ytri. Það sama gildir um jörðina alla, engar fornleifarannsóknir á vettvangi virðast hafa farið þar fram áður. Ein heimildaskráning fornleifa, svokölluð svæðisskráning, sem nær yfir svæðið er þó til. Hún er eftir Orra Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttur og er frá árinu 1999. Þar er Urðarsel skráð upp úr heimildum og fær það númerið NM-155:013³³. Engar athuganir fóru þó fram á vettvangi, enda er svæðisskráning ekki þess eðlis.

Samantekt fornleifaskráningar

Skráðar voru fimm fornleifar á svæðinu sem rannsakað var. Ein fornleifanna er tóftaþyrping þar sem þrjár tóftir virðast áfastar hverri annarri, tvær fornleifanna eru einfaldar tóftir, ein er koladreif sem óvíst er hvort sé af mannavöldum eða náttúruleg, en fær að njóta vafans, og ein eru tveir lækir sem skráðir eru vegna örnefnis síns og tengsla við þjóðsögu og elstu heimildir um hana. Til eru heimildir um tóftaþyrpinguna, sem kallast *Urðarsel*, sem og um lækina tvo, *Grylulæki*. Einu heimildir um einföldu tóftirnar tvær koma frá Helga Hallgrímssyni, en hann segir m.a. á einum stað: “Auk þess mótar fyrir tveim öðrum tóttum, skammt fyrir utan og neðan [Urðarsel], um 7 X 3 m hvor”³⁴.


³³ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1999: 13.

³⁴ Helgi Hallgrímsson, *Víðivellir ytri – Mannvistarminjar*: 1.

Fornleifaskrá

Eftirfarandi er fornleifaskrá þess svæðis sem rannsakað var. Fornleifar fá þar hver sitt númer og samanstendur það af sýslu (NM/Norður Múlasýslu), jarðarnúmeri í Jarðatali Johnsens (155) og fornleifanúmeri (003 o.s.frv.). Rituð er lýsing fyrir allar skráðar fornleifar, GPS hnit skráð, mynd birt og teikning ef fornleifarnar bjóða upp á það. Neðan við hverja ljósmynd er skýring, þ.e. hvaða fornleifar eru á myndinni sem og í hvaða átt er horft þegar myndin er tekin. Öll GPS hnit eru gefin upp í ISNET93 kerfinu með 3-6 m skekkju. Öll mál á fornleifum eru stikuð. Um skrásetningu sá Ásta Hermannsdóttir og um teikningu og ljósmyndun sá Una Helga Jónsdóttir.

Skýringar við teikningar:



NM-155:003 – *Urðarsel* - Tóftir

Í heimildum er getið um *Urðarsel* og þá yfirleitt sem býli eða hjáleigu. Elsta heimild um nafnið kemur úr *Grýlukvæði* Stefáns Ólafssonar frá Vallanesi (1619-1688), en þá á Grýla að hafa komið að bænum til að reyna að fá sér í svanginn:


Ekki var eg ofalin
að næsta bæ.
;:Hvað skal eg að Urðarseli,
ekkert eg;:fæ.

Ofan gekk hún að Urðarseli
á eyrina þá,
;:þar sem hann Fúsi
var farinn að;: slá³⁵.

³⁵ Stefán Ólafsson, 1885: 242.

Heimild sem þessi getur verið allt frá því að vera örugg heimild um búskap, til þess að vera uppspuni. Líklegast er þó að einhver fótur sé fyrir búsetu að Urðarseli þar sem Olavius segir í ferðabók sinni að Urðarsel hafi farið í eyði árið 1707³⁶. Engar heimildir hafa fundist um selstöðu á þessum stað, aðrar en örnefnið, og er að sama skapi óljóst hver gæti hafa átt þá selstöðu.

Tóft A er um 6 x 13 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustan við hana er önnur ógreinileg tóft, B, og við suðurgafli tóftar A er garðlag, C, sem nær í boga frá enda norvestur-veggjarins að sunnanverðu og að suðurvegg aftur, um 2 m frá suðausturenda tóftarinnar (sjá teikningu hér að neðan).



finnst móta. Tóftin er öll grónari (sama gróðri og var nefndur að ofan) að utan og sést aðeins í grjót á stöku stað. Meira af grjóti sést þó við inngang

³⁶ Ólafur Ólafsson Olavius, 1965: 141

tóftarinnar en að jafnaði á henni utanverðri. Inngangurinn er staðsettur á norvesturgafli tóftarinnar og er opið um 1 m á breidd en 2 m á lengd. Þó nokkuð stórir steinslabbar, flatir að jafnaði, allt að 1 m á lengd eru í hleðslunni við innganginn, smærra grjót er þó yfirleitt í veggjum tóftarinnar. Framan við innganginn er stallur sem nær um 1,5 út frá tóftinni og er um 1 m hár frá jörðu þar sem næst er innganginum, en hann hallar út frá tóftinni. Nokkrar ástæður gætu verið fyrir stallinum, svo sem að þar sé um gróið hrun úr tóftinni að ræða, þar séu eldri mannvistarleifar undir, hann sé náttúrulega myndaður eða gerður vísvitandi af mönnum. Tóftin er þýfð að innan og nokkuð er af grjóti innan í henni, flestu grónu. Líklegast er um hrun að ræða og engin merki eru um grjóthlaðið skilrúm. Innanmál tóftar A er um 2,7 x 9 m og er hæð veggja mest um 1,3 m og breidd þeirra mest um 2 m, en 1,5 m að jafnaði.

Heimildarmenn telja að rúst þessi sé af fjárhúsi og telur Hallgrímur á Víðivöllum ytri að hún hafi verið reist fyrir aldamótin 1900 þar sem afi hans (Hallgrímur Jónsson, f. 1882) hafi aldrei talað um hana.

Tóft B er frekar ógreinileg, ferhyrnd tóft sem fylgir átt tóftar A og snýr norðvestur - suðaustur. Hún er algróin, mjög sigin og nokkuð smáþýfð að innan. Tóftin er um 2,1 x 1,9 m að innanmáli og 3 x 2,5 m að utanmáli. Veggir virðast einungis um 60 cm breiðir þegar mest er og er hæð þeirra óveruleg, mest um 20 cm (mögulegt er að þeir hafi eitthvað þrýsts niður á síðustu árum þar sem greinilegt er að yfir þá hefur verið keyrt). Örlítið er greinilegt af grjóti í



Tóft NM-155:003B, aftan við 155:003A.
Mynd tekin í norður.

veggjum eða rétt innan við þá, eða fjórir steinar. Mótar þó einnig fyrir grjóti undir gróðri í tóftinni næst tóft A er og er mögulegt að grjót sé í veggjum tóftarinnar sem sé svo vel gróið að það sé ekki greinanlegt. Mögulegt er að hér sé um eldri tóft, en tóft A, að ræða og þá að grjót úr henni hafi verið notað í tóft A. Hugsanlega hefur þá neðsta steinaröð í B verið skilin eftir og þess vegna mótar enn fyrir henni. Erfitt er að sjá hvort tóft B endar við tóft A eða hvort hún heldur áfram undir hana.

Garðlag C virðist mynda nokkurs konar aðhald við tóft A. Garðurinn liggur í boga frá suðurvegg tóftar A og að honum aftur að austanverðu eins og sagði hér að ofan, og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er í heild sinni greinilegur, en er ógreinilegri á köflum, sérstaklega þegar nær dregur tóft A í báða enda. Að austan er hann mjór og væskilslegur en að vestan breiður og mjög erfitt að greina upphaf og



Garðlag NM-155:003C. Mynd tekin í vestnorðvestur.

endi hans frá þýfinu í kring. Svæðið sem garðurinn myndar við tóft A er þýft og mest um 7,6 x 6,8 m að innanmáli og mest um 11,7 x 9 m að utanmáli, en ytri endi garðsins er oft ógreinilegur þar sem hann rennur saman við þýfið. Garðurinn er mest um 2,7 m breiður og rúmlega 1 m hár en lengd hans er um 21 m. Garðurinn er gróinn grasi og grófum stráum, það er tóft A líka en gróðurinn á garðinum virkar grófari og er hann mun grónari en tóft A. Á tóft A grær einnig mun meira af grænu grasi (um miðjan maí) en á garðinum. Örlítið virðist móta fyrir grjóti í garðinum, en það sést ekki. Tvennt kemur til greina: annað hvort var garðurinn hlaðinn úr torfi og smá grjóti, eða að mestu úr grjóti sem er þá algróið nú, ef hið seinna er rétt er næsta víst að garðurinn sé eldri en tóft A. Við fyrstu sýn virðist garðurinn/aðhaldið tilheyra tóft A, en sá möguleiki er þó fyrir hendi að það sé eldra ef tekið er mark á gróðurfarinu.

Tóftirnar standa í smá halla vestan (neðan) við Urðarselshjalla, norðvestur frá bæ, Víðivöllum ytri I. Næsta nágrenni er slétt, með smá halla þó, og grasi vaxið (sina að mestu leyti um miðjan maí) að mestu, en einnig er dálítið af mosa neðan við Urðarselshjalla. Urðarselshjallinn er gróinn trjám, sem og hjallinn sem er nokkuð vestan (neðan) við tóftirnar. Sunnan (framan) við tóftirnar rennur Sellækur, en á milli tóftanna og lækjarins liggur vegur upp að sumarbústöðum sem standa austan (ofan) við Urðarselshjallann. Vegurinn er um 8 m suður af tóft C.

Hnit: A): E-691941,N-508451, B): E-691949, N-508446, C): E-691938, N-508444. Skekkja 3 m.



Yfirlitsmynd yfir tóftaþyrpingu NM-155:003, tóft 003A til hægri, garðlag 003C til vinstri og tóft 003B næst ljósmyndara. Horft í vestur af Urðarselshjalla.

NM-155:004 – Tóft

Um 55 m norðnorðvestur af tóft A er ferhyrnd tóft. Hún er um 5,5 x 2 m að innanmáli og um 8 x 4 m að utanmáli. Veggir eru mest um 0,5 m háir og 1,5 m breiðir. Tóftin snýr u.þ.b. norður-suður. Op virðist vera á tóftinni norðanverðri, á austurvegg, nær alveg við norðurg afl. Tóftin er vel gróin grasi og sigin, en nokkuð greinileg þó. Hún er þýfð að innan og fellur gróðurinn á henni og í vel inn í landslagið. Grjót sést ekki í tóftinni, en líklegt er að




Tóft NM-155:004. Myndin tekin í suðaustur.


eitthvert grjót sé í veggjum, yfirgróið. Umhverfi tóftarinnar er slétt grasflöt sem hallar eilítið niður (vestur). Flötin er sú sama og tóftir 155:003 og 155:005 standa á og afmarkast af

Urðarselshjalla til austurs og bröttum ónefndum hjalla til vesturs sem báðir eru grónir lauftrjám og kjarri. Allt sléttlendið er gróið grasi (sinu), mosa og grófum stráum. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en hún virðist vera nokkuð eldri en tóft 155:003A.

Hnit: E-691920, N-508504. Skekkja 4 m.




NM-155:005 – Tóft



Um 52 m norðnorðaustur af tóft 155:003A er ferhyrnd tóft. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er um 5 x 2,5 m að innanmáli og 7 x 4,5 m að utanmáli. Veggir eru mest um 1 m háir og 1 m breiðir. Tóftin er vel gróin grasi (sinu) og grófum stráum og smápýfð að innan. Hugsanlegt op er nyrst á norðvesturgafli tóftarinnar. Umhverfi tóftarinnar er slétt grasflöt sem hallar eilítið niður (vestur). Flötin er sú sama og tóftir 155:003 og

155:004 standa á og afmarkast af Urðarselshjalla til austurs og bröttum ónefndum hjalla til vesturs sem báðir eru grónir lauftrjám og kjarri. Allt sléttlendið er gróið grasi (sinu), mosa og grófum stráum. Gamall lækjarfarvegur, sem nú er mýrlendur er rétt austan og norðan við tóftina. Í honum rennur smá lækjarspræna sem kemur ofan af Urðarselshjallanum. Lækjarfarvegurinn er um 3-4 m frá tóftinni þar sem hann er næstur henni. Að lækjarfarveginum er smá halli þar sem kjarr vex. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en hún er mjög lík tóft 155:004 og gæti verið frá sama tíma. Hún virðist að sama skapi vera nokkuð eldri en tóft 155:003A.



Hnit: E: 691950, N: 508500. Skekkja 5 m.

NM-155:006 – *Grýlulækir* – örnefni tengd þjóðsögu/ljóði

„Svæðið frá Sellæk og inn að næsta læk, sem heitir Grýlulækur, neðan við skóginn, nefnist Börð. Grýlulækirnir eru tveir, en sameinast í einn, skömmu áður en þeir falla í Keldána“ (Ö-VY, 4a-5). Grýlulækirnir tveir, ytri (NM-155:006A) og fremri (NM-155:006B), draga nafn sitt af sögunni um Grýlu sem sögð er í ljóði Stefáns Ólafssonar frá Vallanesi (1619-1688), *Grýlukvæði*. Fleiri Grýluörnefni eru á jörð



Grýlulækur ytri (nyrðri), NM-155:006A. Myndin tekin í austur.

Víðivalla ytri, sem og örnefni Brandsöxl og Urðarhraun þar sem Grýla og Leppalúði eru sögð eiga heima. Ljóðið er ein elsta heimild sem varðveist hefur um þá Grýlu sem við þekkjum í dag, og þau Leppalúða sem foreldra jólasveinanna.



Grýlulækur fremri (syðri), NM-155:006B. Myndin tekin í austur.

Grýlulækirnir tveir eru að hluta innan svæðisins sem rannsakað var og eru þeir hvor sínum megin við sumarbústaðinn Grýlukot. Lækirnir tveir falla ofan úr skóginum og niður á sléttlendið. Sá ytri (nyrðri) hefur verið settur í rör á kafla þar sem yfir hann hefur verið settur vegur. Lækirnir tveir eru svipaðir að umfangi og magni og falla í fossum niður úr hjallanum ofan við sumarbústaðalóðir 12 og 13.

Hnit: Ytri (nyrðri)- A): E: 691753, N: 508159, Fremri (syðri)- B): E: 691736, N: 508061. Skekkja 3-4 m.

NM-155:007 – Koladreif

Koladreif er í moldarbarði um 100 m suðaustur af tóft 155:003. Koladreifin er á um 3 m breiðu svæði langsum á barðinu, en um 2,5 m niður hallann frá barðbrún og niður að smá lækjarfarvegi. Farvegurinn er í dæld og vestan við hann er vegur sem lagður var upp að



Koladreif í moldarbarði, nærmynd, NM-155:007. Mynd tekin í suðaustur.

sumarbústöðum á lóðum 4-9. Svæðið frá neðstu brún barðsins að veginum er um 3 m langt. Kolin eru jafndreifð yfir svæðið nema á einum stað þar sem þau eru þéttari á ca. 70 x 40 cm svæði. Allt barðið er um 20 m breitt og 2-2,5 m hátt og sjást eitt og eitt kol í því hér og þar fyrir utan það svæði sem áður var lýst, sem og hinum megin við lækjarfarveginn. Um 10 m suðaustur af kolapéttninni sem áður var nefnd eru kolin eilítið þéttari en víðast annars staðar utan þess svæðis sem áður var lýst. Kolin virðast hafa hrunið úr efsta byrði barðsins sem slútir yfir það efst, þannig að prófill efsta hlutans sést ekki. Þetta efsta byrði er vaxið grasi, mosa og fléttum. Moldin undir kolunum er rauðbrún og þétt í sér og eitthvað er um gjósku í jarðveginum sem einnig virðist hafa hrunið úr barðinu. Gjóskan er líklegast úr Veiðivatnagosinu 1477 en hún er svört, fingerð og sendin. Barðið sem kolin eru í myndaðist þegar vegurinn upp að bústöðunum var lagður. Óljóst er hvort kolin hafa orðið til náttúrulega



Koladreif í moldarbarði, NM-155:007. Mynd tekin í suðaustur.

eða af mannavöldum. Kolin eru yfirleitt smá eða einungis salli, en bitar allt upp í 1 x 3 cm sjást þó. Efsta byrði barðsins virðist mest um 60 cm og getur jarðvegsmyndun ofan á kolunum því verið allt að því. Ólöguleg ferhyrnd lægð er ofan (austan) við barðbrúnina, líklega er þar um náttúru myndun vegna trjáræktar að ræða en ekki tóft.

Hnit: E: 691985, N: 508402. Skekkja 6 m.

Umhverfi svæðis

Svæðið sem deiliskipulagið nær yfir er að miklu leyti vaxið laufskógi. Sá skógur er hluti af skógrækt sem hófst árið 1970 en hluti hans er mögulega eldri. Efsti (austasti) hluti svæðisins er þakinn skógi og er undir, eða við, Skógarhjalla. Norðarlega á svæðinu, þegar nær dregur Urðinni, er skógarbotninn stórgrýttur en vel er gróið yfir grjótið. Neðan (vestan) við það svæði er búið að byggja tvo sumarbústaði (á lóðum númer 5 og 9). Neðan (vestan) við þá er Urðarselshjalli og þar fyrir neðan slétta sem nefnist Urðarsel samkvæmt örnefnaskrá³⁷. Sú slétta er gróin grasi, mosa, grófum stráum og nokkrum smáhrislum í útjöðrum. Á sléttunni eru tóftir; NM-155:003, 004 og 005. Þær eru allar greinilegar á yfirborði. Keyrt hefur verið um Urðarselssléttuna á bílum eða fjórhjólum og m.a. verið keyrt yfir og upp á fornleifarnar. Smá halli er á sléttunni og rennur Sellækur sunnan við hana en lítil lækjarspræna og smá mýri er norðan við hana. Sléttan er öll mjög þýfð sem gerir það að verkum að erfitt er að greina eldri rústir frá þýfinu ef þær eru á svæðinu. Mögulegt er því að fleiri rústir leynist á svæðinu en þær sem skráðar hafa verið. Taka verður tillit til þess m.a. vegna örnefnisins, Urðarsels, og sagna um búsetu. Neðan (vestan) við Urðarsel er ónefndur, skógi vaxinn hjalli og neðan og framan (suðvestan) við hann er önnur grasi gróin slétta þar sem byggja á bústað á lóð 11. Sunnan við þá sléttu er vegur sem liggur suður að bústað á lóð 13, en við þann bústað (norðan megin við hann) er einnig lóð 12 þar sem tveir vinnuskúrar standa nú (maí 2010). Ofan (austan) við þær lóðir er einungis skógur, með mosagrónum, þýfðum skógarbotni. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Urðinni til norðurs, Grýlulæk fremri til suðurs, skógi vöxnum hjalla til vesturs og Skógarhjalla til austurs. Sellækur er á miðju svæðinu. Þess má geta að kindur eru á beit á hluta svæðisins og er nokkuð um kindagötur.

³⁷ Ö-VY: 4a.

Niðurstöður

Við vettvangsrannsókn var reynt að taka svæðið eins vel út og hægt var en vegna skóglendis og gróðurfars reyndist það oft erfitt. Því er alveg ljóst að fornleifar gætu leynst á svæðinu m.a. á skógarbotni þar sem ómögulegt er að sjá þær á yfirborði. Varúðar verður því að gæta við framkvæmdir. Minjagildi fornleifanna er misjafnt, fornleifar 003, 004 og 005 hafa mun meira gildi en fornleifar 006 og 007. Minjagildi Grýlulækjanna (006) er óverulegt, en sagan á bak við örnefnið er þó mikils virði og hluti af menningararfi okkar. Koladreifin (007) fær að njóta vafans þar sem ekki er ljóst hvort hún er af mannavöldum eða hvort hún hafi orðið til náttúrulega, t.d. við skógarbruna. Kolagrafir gætu leynst í skógarbotninum og gæti því verið um manngerð kol að ræða þó ekkert sé öruggt í þeim málum. Þó að hlutverk fornleifa 004 og 005 sé óljóst virðast þær vera nokkuð gamlar og ríma ágætlega við tóft 003B sem gæti bent til þess að þær tengist eldri búsetu á svæðinu. Tóftaþyrping 003 hefur þó mest minjagildi. Þar standa nú stæðilegar tóftir en ýmislegt virðist benda til þess að þar geti verið eldri leifar undir. Örnefni gefur til kynna að sel hafi verið á staðnum og heimildir benda til þess að búseta hafi einnig verið á staðnum, en uppistandandi tóftir eru ekki af þeim toga. Fornleifarnar sem sjást í dag styðja því ekki beint þá búsetu- og selstöðusögu sem heimildir gefa til kynna. Hins vegar er mögulegt að eldri búsetuminjar séu undir tóft 003A. Hugsanleg skýring á örnefninu á þessum stað og búsetumynstrinu gæti verið á þess leið: selstöður á þessu svæði virðast hafa lagst snemma af³⁸ og gæti því möguleg skýring verið að í fyrndinni hafi verið selstaða á þessum stað, á 17. öld hafi síðan byggst þar bær, líklega í stuttan tíma, mögulega tvisvar eða oftar ef tekið er tillit til þess hve langur tími er á milli *Grýlukvæðis* Stefáns Ólafssonar³⁹ og þess ártals (1707) sem Olavíus nefnir í ferðabók sinni⁴⁰. Þær tóftir sem nú sjást eru yngri en þessi hugsanlega búseta, að minnsta kosti sú sem greinilegust er og heimildamenn telja að sé fjárhús. Við hana eru tvær tóftir, garðlag sem myndar nokkurs konar aðhald eða rétt og lítil ferköntuð tóft. Ferkantaða tóftin virðist geta verið eldri og ber þess jafnvel merki að úr henni hafi verið tekið grjót, hugsanlega til þess að hlaða fjárhúsið. Aldur garðsins er ógreinilegi, hann gæti verið jafngamall fjárhúsinu, en einnig gæti hann verið eldri. Helgi Hallgrímsson hefur bent á að hugsanlega hafi bæjar- eða seltóftir verið skemmdar þegar fjárhúsið var byggt og bendir vettvangsskoðun til þess að það geti verið rétt.

³⁸ Skúli Björn Gunnarsson, 20.05.2010.

³⁹ Stefán Ólafsson, 1885: 242.

⁴⁰ Ólafur Ólafsson Olavíus, 1965: 141.

Lokaniðurstaða er sú að ráðlegt væri að taka prufuskurð í tóft 155:003A til að skera úr um hvort eldri leifar, mögulega sels og/eða býlis, séu undir henni. Ef það reynist ekki vera gætu þær leifar leynst annars staðar á svæðinu. Þar sem seljaleifarnar væru án efa eldri þyrfti að athuga hvort örnefnið gæti hafa færst úr stað ef eldri leifar eru ekki undir tóft 155:003A. Fornleifum 155:004 og 155:005 ætti ekki að raska án frekari rannsóknar. Þessar þrjár fornleifar ætti því að rannsaka nánar ef raska á umhverfi þeirra, eða þeim sjálfum, til þess að skera úr um aldur þeirra og eðli.

Heimildaskrá

- Sr. Ágúst Sigurðsson. 1977. Valþjófsstaður í Fljótsdal – gripið niður í kirkjusögu fram til 1789. Í *Múlaþing: Rit sögufélags Austurlands*, nr 2. 1967. Bls.26-50. Héraðsnefnd Múlasýslna: Eiðar.
- Ármann Halldórsson (ritstj.). 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi: II. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.
- Árni Daníel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg (ritstj.). 2005. *Íslandssagan í máli og myndum*. Mál og menning: Reykjavík.
- Droplaugarsona saga. 1947. Í *Íslendingasögur X: Austfirðinga sögur* (bls. 119-165). Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík.
- Fáeinar athugasemdir við útgáfu á kvæðum S. Ólafssonar í Vallanesi 1885. Í *Austri*, 3. árg, nr. 4. Fimmtudaginn 18. febrúar 1886, bls. 13-14. Seyðisfjörður.
- Fljótsdæla saga. 1947. Í *Íslendingasögur X: Austfirðinga sögur* (bls. 167-306). Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík.
- Gunnar Gunnarsson. 1944. *Árbók Ferðafélags Íslands 1944: Fljótsdalshérað*. Ferðafélag Íslands: Reykjavík.
- Halldór Stefánsson. 1965. Viðivellir Ytri í Fljótsdal. Í *Tíminn: Sunnudagsblað*, IV. ár, 40. tbl., sunnudagur 17. október 1965. Bls. 945-947 og 958.
- ÍF: *Íslenskt fornbréfasafn, sem hefur inni að halda bréf og fjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*, bindi I-XV. 1857-.Hið íslenska bókmenntafjelag: Kaupmannahöfn/Reykjavík.
- J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.
- Jarðabók 1861: Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn.
- Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdrættir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn.
- Manntal 1703:** *Manntal á Íslandi 1703: tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín: ásamt manntali 1729 í þrem sýslum*. 1924-1947. Þorsteinn Þorsteinsson sá um útgáfuna. Hagstofa Íslands: Reykjavík.

Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. 2000.

Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1999. *Menningarminjar í Fljótsdalshreppi í*

Norður-Múlasýslu: Svæðisskráning, FS078-98087. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Ólafur Ólafsson Olavíus. 1965. *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður- og*

norðaustursýslum Íslands 1775-1777, II. bindi. Bókfellsútgáfan: Reykjavík.

Stefán Ólafsson. 1885. *Kvæði.* Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Þjóðminjalög (2001 nr. 107 31.mái). 2001. Sótt þann 06.05.2010 af:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>

Ö-VY: Víðivellir ytri – Örnefnaskrá. Ari Gíslason skráði, endurskoðað af Eiríki Eiríkssyni.

Heimildarmaður: Rögnvaldur Erlingsson. Örnefnastofnun: Reykjavík.

Munnlegar heimildir:

Hallgrímur Þórarinnsson (f. 1935), munnlegar samræður á heimili hans á Víðivöllum ytri I

18.05.2010 og aftur 21.05.2010.

Helgi Hallgrímsson (f. 1935), munnlegar samræður á heimili hans á Egilsstöðum 18.05.2010.

Skúli Björn Gunnarsson (f. 1970), munnlegar samræður í Gunnarshúsi 20.05.2010.

Óútgefnar heimildir:

Helgi Hallgrímsson. *Víðivellir ytri – Mannvistarminjar.* Útprintun frá höfundi, tvær A4 síður.

Loftmyndir

Loftmynd 1: Hrein loftmynd af deiliskipulagssvæði. Fornleifar merktar með rauðum punktum og númerum.



[illegible]